

Ásmundur Friðriksson rithöfundur, fv. alþingismaður og bæjarstjóri

Ég hóf þátttöku mína í félagsstarfi í Vestmannaeyjum fyrir Íþróttafélagið Þór þegar uppbygging hófst eftir gosið í Heimaey árið 1973. Var leikmaður, þjálfari og formaður Handknattleiksdeildar félagsins fyrstu ár handboltans í Eyjum og lék fyrstu rúmlega 100 leiki félagsins í deildarkeppni. Þá lék ég knattspyrnu með ÍBV og var félagi í Golfklúbbs Vestmannaeyja í áratugi.

Ferilskráin.

- Formaður handknattleiksdeildar Þórs og leikmaður 1974-1982.
- Í þjóðhátíðarnefndum Vestmannaeyja 1974-1996
- Í stjórn Golfklúbbs Vestmanneyja 1986-1992. Silfurmerki GSÍ
- Keppti og lék knattspyrnu með Þór, IBV og Leikni 1970-1976.
- Keppti og lék handknattleik með Þór, 1974-1982
- Formaður ÍBV héraðssambands 1994-1999
- Formaður knattspyrnudeildar ÍBV 1999-2002. Silfurmerki KSÍ
- Framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar Keflavíkur 2004 -2006.
- Verkefnastjóri Ljósanætur 2006-2009.
- Stofnandi og formaður hollvinasamtaka Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, NLFÍ, 2005-2011.
- Í stjórn Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ 2007-2008.
- Stofnfélagi í Lista- og menningarfélagins í Garði 2009.
- Stjórnandi listahátíðarinnar Ferskir vindar í Garði frá 2010 - 2020.
- Félagi í Oddfellowreglunni á Íslandi frá árinu 1982.
- Formaður Þroskahjálpar á Suðurnesjum frá 2012 - 2023.

Ég hef stundað margskonar félagsstarf í meira en 50 ár og læt enn til mín taka á þeim vettvangi og óska eftir stuðningi við kjör í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Ásmundur Friðriksson